

## Skýrsla stjórnar Funa fyrir starfsárið 2013

Sem fyrr var heilmikil dagskrá á vegum Hestamannafélagsins Funa á árinu 2013. Einstakar nefndir munu gera grein fyrir því helsta á þeirra vegum og því mun skýrsla stjórnar fyrst og fremst fjalla um aðra viðburði.

Á síðasta aðalfundi var meðal annars fjallað um mögulega skiptingu eigna á Melgerðismelum milli hestamannafélaganna Funa og Léttis. Stjórn fékk umboð til að fylgja málinu frekar eftir. Haldnir voru tveir félagsfundir um málið. Á þeim fyrri sem haldinn var 5. maí var kynnt mótuð hugmynd að endurskoðun sameignarfélagssamnings Funa og Léttis. Í kjölfarið var unnið frekar að mótun endanlegrar tillögu í samvinnu við stjórn Léttis. Þann 8. júlí var boðað til sameiginlegs fundar með félagsmönnum Léttis þar sem skrifað var undir tvo samninga. Annar samningurinn fjallar um skiptingu eigna Melgerðismela sf og hinn um nýtingu Melgerðismela og endanleg slit á Melgerðismelum sf. Dómhúsið kom í hlut Léttis og nyrsti hluti beitarhólfa á s.k. Ystanesi sem Hestamannafélagið Funi þarf að afhenda hesthelt fyrir 20. júní 2014. Funi ræður yfir öðru landi á svæðinu og á að fullu aðrar fasteignir sem tilheyrðu Melgerðismelum sf. Þessi niðurstaða mun einfalda nýtingu Melgerðismela og vonandi skila sér í meiri notkun beggja hestamannafélaga á svæðinu.

Haldinn var félagsfundur 22. nóvember um starfsáætlun fyrir árið 2014. Þetta var m.a. gert til að tímasetja fyrirhuguð mót og koma þeim inn í mótaskrá LH í tíma. Þetta er einnig tækifæri til að gefa félagsmönnum kost á að koma beint að mótun starfsins og hittast. Það gefst betri tími til að ræða starfsáætlunina á sérstökum félagsfundi en ef slíkt er gert á aðalfundi eingöngu. Kannski getum við gert meira úr þessum félagslega viðburði í framtíðinni.

Stjórn, húsnefnd og barna og unglingaráð stóðu fyrir árlegri hátíð á Sumardaginn fyrsta á Melgerðismelum sem var frábærlega sótt eins og verið hefur. Sem fyrr er Sumardagurinn fyrsti einn af stærstu viðburðunum sem Funi stendur fyrir og gefur mikilvæg tengsl við fjölda fólks sem yfirleitt er ekki að koma á hestatengda viðburði. Á föstudeginum í kjölfarið stóð skemmtinefnd fyrir grilli þar sem hver og einn tók með sitt kjöt á grillið og meðlæti fékkst keypt á staðnum.

Bæjakeppnin fór fram 25. ágúst í kjölfarið á Æskulýðsdögum. 137 bæir tóku þátt og talsverður hópur knapa tóku þátt í keppninni sjálfri. Bæjakeppnin er tækifæri til að hitta fólkið í sveitinni, kynna starfsemi félagsins og afla styrkja frá velunnurum Funa.

Úrslit á Bæjakeppni:

Barnaflokkur: Kristján Árni Birgisson fyrir Grund

Unglingaflokkur: Sara Þorsteinsdóttir fyrir Berjaklöpp

Ungmennir: Elín Bössfall fyrir Eyrarland

Kvennaflokkur: Anna Sonja Ágústsdóttir fyrir Hvamm

Karlaflokkur: Stefán Birgir Stefánsson fyrir Hríshól

Stóri bikarinn kom í hlut Berjaklappar

Laugardaginn 29. júní var haldinn vinnudagur á Melgerðismelum. Unnið var að girðingarvinnu, skipt um útihurðir, tekið hraustlega til í suðurenda Funaborgar og Dómhúsið flutt upp á Náttfaravöll. Um kvöldið var grillað og farið í sameiginlegan reiðtúr á Melunum.

Gengið var frá samstarfssamningi við Eyjafjarðarsveit um stuðning við barna og unglingastarf og styrk til áframhaldandi uppbyggingar í Funaborg til næstu ára. Í samningi er fjallað um styrkuppþæðir og samstarf Eyjafjarðarsveitar og Funa t.d. um aðkomu að Handverkshátíð. Samningurinn styrkir verulega rekstraröryggi Funa og skýrir og einfaldar samskipti við Eyjafjarðarsveit. Einnig var gengið frá samningi við Eyjafjarðarsveit um að tryggja Öldu vatn frá núverandi veitu fyrir Melgerðismela. Hér var fyrst og fremst verið að ganga formlega frá fyrirkomulagi sem hefur verið um árabíl. Í dag er umframvatn í landi Rauðhúsa nýtt fyrir vatnsveituna á Melgerðismelum sem sparar annars kostnaðarsama dælingu.

Funi sá um miðasölu í einn dag og teymdi undir börnum alla dagana sem Handverkshátíðin á Hrafnagili stóð yfir. Hér er um mjög mikilvæga tekjuöflun að ræða og einnig tækifæri til kynningar á félaginu sem við erum e.t.v. ekki að nýta til fulls. Þarna eru langar biðraðir af börnum sem sum eru að upplifa það að koma á hestbak í fyrsta skipti og sá sem teymir hlýtur breitt bros að launum.

Laugardaginn 7. des. kynnti Sigurður Ævarsson, varaformaður LH nýja grein hestaíþróttar sem nefnist TREC. Í kjölfarið var ákveðið að bjóða bæði börnum og fullorðnum uppá námskeið í greininni á nýju ári, einn tíma aðra hverja viku. Greinin hefur þróast útfrá prófi fyrir leiðsögumenn á hestum og hefur mjög stóra útbreiðslu á heimsvísu. Margt bendir til að íslenski hesturinn henti mjög vel í þessa íþróttagrein og umhverfið á Melgerðismelum hentar vel til æfinga og keppni. Anna Sonja Ágústsdóttir kennir börnum og unglingum og Ásdís Helga Sigursteinsdóttir kennir fullorðnum.

Af öðrum hestatengdum viðburðum á vegum Funa má nefna Gæðingakeppni Funa, Stórmótið á Melgerðismelum, reiðnámskeið, Æskulýðsmót, messureið og fjölskyldureið. Hrossaræktarfélagið Náttfari stóð fyrir sölusýningu á stóðréttinni og haldin var kynbótasýning á Náttfaravelli.

Húsnefnd og skemmtinefnd stóðu fyrir viðburðum í Funaborg. Vinsældir hússins til leigu fara vaxandi á hverju ári og það hefur unnið sér sess sem félagsheimili framfirðinga.

Stjórnin þakkar félagsmönnum og ekki síst nefndarfólki fyrir viðburðarríkt starfsár 2013. Það er vinnusemi virkra félagsmanna sem ber uppi starf félagsins hverju sinni.